Notar nokkur Tómas Aquinas at nafni, talaði um siðfræðina, í þeirri hluta trúarfræði sinnar. Abelard hefur
nokkuð ávalt sjer "cognosce te ipsum" (þá eini). Eptir siðabótina varð breyting á þessu, eptir eðli hennar, aðgreindi hún trú-
-arfræði frá siðafræði. Að sönnu skjeði þessi aðgreining ekki þá strax, þó það væri þá afarlaust í anda hennar. Refor-
-matorarnir aðgreindu ekki trúarfræði frá siðafræði. Þannig t. a. m. (hinn fyrri) Melanchthon í "Locis", og Kalvin
hinn í "institutio religionis". Í kaflanum "de lege", talar (hinn fyrri) Melanchthon um skyldurnar í atriðinu "de-
justificatione", talar hann um ýmsar tegundir dygða og synda. Eins gjörir Kalvin, hann talar um trú og endurfæðing
einnmitt siðferðislegt atriði. —— Í Lúthersku kirkjunni, aðskildi Kalixtus fyrstur 1630. í "epithome Theol. mor-
-alis", trúarfræði og siðafræði. Allar merkilegar guðfræðir, hafa aðgreint það síðan, t. d. Buddeus, Mosheim, Bau-
-mgarten og Reinhard, sem allir hafa skrifað siðafræði, og hafa sama hugmyndina, að siðafræðin eigi að vera sjer,
þó meðferðin hafi ekki svarað því (eða verið samkvæm), því kemur víða fyrir, er hin trúarfræðislega skepna á hana,
s. at siðafræðin er ekki skoðuð í sínu eigin ljósi, heldur í trúarfræðinnar. Lærdómarnir eru teknir til láns
hjá trúarfræðinni, í stað þess að leiða þá út af siðafræðinni sjálfri. Þannig t. a. m. Kalixtus, sem aðgreinir 'lex
naturalis' og 'lex divina', en í stað þess að skoða það hjá siðanna, eptir reglunum siðafræðinnar, — tekur hann
[illegible] eptir ritningunni. Af þessu skjeði breyting, sjerílagi á 18. öld. Sambandið varð gagnstætt, Trúar-
-fræðin varð rót siðafræðinni ('ancilla ethices'). Þegar (hinn fyrri) Kant kom fram. Eptir hans lærdóms-
byggingu, gjetur maður ekki vitað neitt um Guð, nokkuð óvéfengjanlegt!. Trúarfræðin verður í raun ekki annað
en mannlegur heilaspuni, mennirnir gjera sig inní það svæði, sem þeir fengu þangað um komið, verða í villu og
svima. Þannig mat er eptir Kant siðferðislögmál. Sú eina vissa sem gjefst, er dómur skyldunnar til mannsins.
Um Guð og ódauðleikann, gjetur maður einungis [illegible] siðafræðisvissu, það um "postulata", en ekki "Dogmata".
Af þessu leiðir nú að siðafræðin verður alt. Trúarlærdómarnir hafa einungis siðferðislega þýðingu, og einungis verðmæti, að því leiti sem þeir
eru uppbyggilegir fyrir siðferðislífið. Kjarni biblíunnar varð einungis siðferðislegur, menn áttu einungis að predika siðafræði.
Þannig var trúarfræðin á ótvíræðan hátt leidd af siðafræðinni, í Kants-anda hafa menn siðafræðina eptir "Staudlin", "Schmidt" og
"Ammon"? —— —— ——

Eins eptir því sambandi, sem áður hefi jeg útlistað, milli trúar- og siðafræði, leiðir það, að siðafræðin er eins sjálfstæð vísindagrein
og trúarfræðin. Þetta skjeður með því móti, að hún er ekki á ótvíræðan hátt leidd út af trúarfræðinni, eins og einhverju æðra,
heldur hvorki til trúarfræðinnar, sem þess mest, sem gjefi henni jafnhliða. Siðafræðin tekur trúarlærdómana til skoðunar ein-
-ungis að því leiti, sem þeir hafa áhrif á lífið. Af því nú siðafræðin er jafn sjálfstæð vísindagrein, þá á hún jafn hæfilegan
aðgang að ritningunni og kirkjulífinu, sem trúarfræðin, og að ritningunni gjeingur hún eptir sínum eigin reglum, en
ekki trúarfræðinnar, hún gjeingur að henni til þess að skoða hana, sem æðsta mælikvarða fyrir viljann. Í helgri ritning,
sem bók opinberunarinnar, er það trúarfræðislega og siðfræðislega í óaðgreinanlegri sameiningu. Þannig eru t. a. m. dæmi-
sögur Krists, þær innibinda í sjer þann æðsta trúarlærdóm, eins og hinn hæsta siðalærdóm. En heilög ritning
er ekki dauður bókstafur, eða þurt lögmál, heldur hin sanna uppspretta lífsins til að fullkomna hið siðferðislega líf; sá sami
andi sem er í ritningunni, er líka verkandi í hverju þess kristilega, sem er uppfylltur af ritningunni. Nýjatestamentið má
ekki skoða með augum Gyðinga, sem ótvíræðan bindandi lögmál, heldur sem hina sönnu fyrirmynd, sem kristnir eiga að hafa fyrir
sínum augum og á að vera leiðtoginn (= mentir leiðtogum) að þeirra lífi allra; — Þetta hefur Lúther einkarvel tekið fram, "menn
finna ómur kristinna manns, eins og Páll og Pjetur, já, eins og Kristur sjálfur, gjeta nú sjer gjefið lög, af krists-anda hjerinn"
(1 Kor. 2, 15.). Þetta er gagnstætt hinni bókstaflegu skoðun, þar verður alt samband lífsins við ritninguna ótrúlegt, af því ritning-
-in er skoðuð sem í verðum, [illegible] andans. Þar verður alt samband lífsins vöknt og afarótrúlegt. En hinnir: þá leiðast
menn til að fordæma alla, sem ekki finnst dæmi til í ritningunni, tilætlað hjá mörgum flokkunum í kirkjunni: Herrnhutum,
'Quekarar' og 'Baptistum'. Hjer er ekki gjætt að því hinn ýmsu breytingu, sem er þó bundið við stað og tíma.
Af þessu leiðir, að siðafræðin gjetur ekki verið biblíuleg. Ritningin er hinni siðafræðina, eins og trúarfr., það sanneiginlega
sem á að gjöra alt deigið. En þessar hugmyndir, verða ekki alltaf bundnar hinu nýja lífi, heldur verða leiðtogar að-